

Skólaráðsfundur 30. jan. 2017

Mættir: Elín, Helga, Adda, Margrét, Elfa Björk og Sesselia, Soffía, Sandra og Haraldur.
Fjarverandi fulltrúi hverfisnefndar.

Elín stjórnaði fundi og Helga skráði fundargerð.

1. Læsisstefna. Elín kynnti. Beiðni frá stýrihópi um læsisstefnu að foreldrar í skólaráði taki þátt í mótun stefnunar. Rætt hvort kalla eigi eftir fólki sem hefur áhuga á læsi og vill fara á fund með sérfræðingum um læsi í HA. Samvinna heimilis og skóla. Lestrarprófað nú í öllum árgöngum.
2. Skólareglur. Ný reglugerð kom um viðmið um skólareglur sem búið er að vinna út frá við að hanna nýjar skólareglur fyrir Glerárskóla. Tveir stýrihópar hafa haft veg og vanda að vinnunni þ.e. hópur um Jákvæðan aga og skólanámsskrá. Nemendur í 9. og 10. bekk tóku einnig þátt í vinnunni. Tillögur um skólareglur og viðmið um viðbrögð við hegðun voru lögð fram og ræddar.
3. Skólastarfið fram undan: Smiðjudagur á föstudag. Hugleiðsla í 4 og 5 bekk í næstu viku. Rætt um skólabyrjun, vetrarfrí og samræmd próf.
Skóladagatal: Elfa: Heldur mikið að hafa börnin í fríi í þrjá daga svona rétt eftir jól. Gott að byrja kl. 10 á fyrsta degi eftir jólafrí. Skólasetningadagur 22. ág. 2017.
4. Fjárhagsáætlun: Úthlutun komin fyrir næsta ár.

Önnur mál: Sesselía spurði um hádegistíma - nemendur oft fljótir að borða í hádeginu. Fara út og eru lengi úti í hádegi. Er hægt að festa þau í ákveðinn tíma í matsal?

Fleira ekki fært til bókunar
Helga Halldórsdóttir